

**Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri, annars vegar og Skotfélag Akureyrar (SA), kt. 671184-0689 og Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA), kt. 670169-1389, hins vegar, gera gera með sér svofellt**

## **SAMKOMULAG UM NOTKUN AÐSTÖÐU Í KJALLARA ÍPRÓTTAHALLARINNAR**

### **1. Aðstaða**

SA fær afnot af aðstöðu í kjallara Íþróttahallarinnar við Þórunnarstræti auk tilheyrandi réttinda til umgangs um inngang, anddyri og stigaganga (sjá fylgiskjal 1). Aðstaðan er til afnota fyrir starfsemi SA.

Aðstaðan er á einni hæð og er brúttóstærð skv. FMR 171 m<sup>2</sup>.

### **2. Afnot aðstöðunnar**

SA er óheimilt að nýta aðstöðuna til annarrar starfsemi en að framan greinir án skriflegs samþykkis Akureyrarbæjar.

### **3. Ástand og umgengi**

Aðstaðan er afhent í því ástandi sem SA þekkir og sættir sig við. Geri SA endurbætur á aðstöðunni þarf að leita samþykkis forstöðumanns Íþróttahallarinnar og Fasteigna Akureyrarbæjar áður en framkvæmdir hefjast og verða þær endurbætur eign Akureyrarbæjar að leigutíma loknum.

SA hefur sett fjármuni í að standsetja aðstöðuna og er það efni eign SA. Í þessu felst m.a. stál í millivegg og loft, skotgildra við enda salar, loftræstikerfi og mótur því tengdu og hljóðdempunarplötur.

SA er skylt að ganga vel og snyrtilega um aðstöðuna og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði. Aðstöðunni skal skilað í lok leigutímans hreinu og almennt ekki í síðra ástandi en við móttöku þess.

### **4. Samningstími**

Samkomulag þetta gildi frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2023, en er uppsegjanlegt af beggja hálfu og er uppsagnarfresturinn þá 6 mánuðir. Sé samningi ekki sagt upp fyrir lok samningstímans þá framlengist hann sjálfkrafa um 5 ár frá og með 1. janúar 2024, með 6 mánaða uppsagnarfresti.

### **5. Greiðslur og styrkir**

Aðstaðan fellur undir húsaleigu- og æfingastyrki ÍBA og Íþróttaráðs. ÍBA greiðir leigukostnað SA í aðstöðunni í gegnum styrki Íþróttaráðs til ÍBA vegna afnotað og aðstöðu aðildarfélaga ÍBA í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar.

1  
KBR  
S.S.

Mánaðarlegur húsaleigu- og æfingastyrkur Íþróttaráðs til ÍBA og SA vegna aðstöðunnar er við upphaf samningstímans kr. 133.745-.

Styrkurinn breytist mánaðarlega til samræmis við breytingar á neysluvísitölu. Grunnvísitala samnings þessa er neysluvísitala til verðtryggingar júlímánaðar 2014, 422,1 stig.

#### **6. Viðhald og tjón**

SA er kunnugt um ástand aðstöðunnar og sættir sig við það að öllu leyti. SA skal bæta tjón á aðstöðunni eða fylgíféi þess, sem verður af völdum SA eða annarra manna sem SA hefur leyft afnot af aðstöðunni eða umgangi um það. Akureyrarbær ber tjón sem rekja má til húseignarinnar, sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum eignatryggingar.

#### **7. Rekstarkostnaður**

Allur kostnaður við rekstur aðstöðunnar, sem ekki fellur undir það sem nefnt var í 5. gr. og svo hér í 7. gr., er greiddur af SA. Akureyrarbær greiðir fyrir notkun rafmagns, hita og rekstur á loftræstikerfi fyrir aðstöðuna. Akureyrarbær greiðir fasteignagjöld, húseigendatryggingu og brunatryggingu af aðstöðunni enda eign Akureyrarbæjar (eignatryggingar).

#### **8. Aðgangur Akureyrarbæjar að leigðri aðstöðu**

Akureyrarbær hefur rétt til aðgangs að aðstöðunni til eftirlits, athugana og viðgerða.

#### **9. Framsal leiguréttar**


SA er óheimilt að framselja eða framleigja leigurétt sinn nema með samþykki Akureyrarbæjar.

#### **10. Samskipti samningsaðila.**

Akureyrarbær og SA skulu hvor um sig tilnefna einn tengilið og skulu þeir sjá um öll samskipti samningsaðila. Við tilnefningu tengiliða skal við það miðað að boðleiðir verði einfaldar og skýrar og að samskipti verði milliliðalaus. Tengiliður Akureyrarbæjar er forstöðumaður Íþróttahallarinnar.

#### **11. Ágreiningsmál.**

Samningsaðilar skulu hafa samskipti með reglubundnum hætti og leysa úr þeim málum sem upp kunna að koma varðandi framkvæmd samningsins. Komi upp ágreiningsmál varðandi túlkun eða framkvæmd samningsins skulu fulltrúar leita allra leiða til að ná sáttum þar um. Ná aðilar ekki sáttum er þeim heimilt að leggja málið fyrir sérstakan gerðardóm sem skipaður verður til að leysa úr ágreiningi aðila. Um gerðardóminn gilda lög um samningsbundna gerðardóma eftir því sem við á. Í gerðardóminum skal sitja einn dómari og skal hann ákveðinn af aðilum sameiginlega, en náist ekki samkomulag milli aðila skal hann skipaður af Héraðsdómi Norðurlands Eystra. Gerðardómurinn skal ákveða í niðurstöðu sinni hvernig kostnaður skiptist milli aðila.

  
KBR<sup>2</sup> F.S.

## 12. Undirritun.

Um samning þennan gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994, eftir því sem við á. Þó ganga ákvæði samnings þessa framur ákvæðum laganna.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili einu eintaki. Framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir samning þennan í viðurvist vitundarvotta.

Akureyri, 28. ágúst 2014

f.h. Skotfélags Akureyrar



Finnur Steingrímsson  
Varaformaður

f.h. Akureyrarbjæar




Katrín Björg Ríkarðsdóttir  
Framkvæmdarstjóri  
Samfélags- og mannrétt-  
indadeildar

f.h. ÍBA



Geir Kr. Aðalsteinsson  
Formaður

Vitundarvottar:



Nafn

120975-5529

kennitala



Nafn

011253-2689

kennitala

# Fylgiskjal 1

Teikning/mynd af aðstöðu SA í kjallara íþróttahallarinnar (171 m<sup>2</sup>)

